

Mál nr. 38/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á farmi er tengivagn valt þann 26.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 3.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.3.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðin A með eftirvagninn B var fenginn á athafnasvæði M til að sækja þangað svokallað gámafleti sem lestað var með 23 brettum af hellum, um 25 tonn. B var svokallaður festivagn búinn sérstökum krönum til að hífa gáma eða gámafleti upp á vagninn. Í málskoti kemur fram að stjórnandi A hafi hífð fletið of hátt og út fyrir öryggisstífur hægra megin með þeim afleiðingum að bíllinn ásamt eftirvagninum fór á vinstri hliðina og farmur í eigu M eyðilagðist. B mun hafa verið í eigu annars aðila en eiganda A.

M hefur krafist bóta vegna tjóns á farminum úr ábyrgðartryggingu A sem var vátryggð hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu með þeim rökum að ábyrgðartrygging A taki ekki til tjónsins.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1988 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskylt vélknúð ökutæki dregur annað ökutæki. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar má lækka bætur fyrir tjón á munum eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningu eða gáleysi.

Í málinu virðist ekki um það deilt að í umrætt sinn var unnið við að hífa fletið beint upp á B í því skyni að flytja farminn með A. Kranarnir á B, sem notaðir voru við hífinguna, voru tengdir aflvél A. Var þannig gagngert verið að ferma A sem skráningarskylt vélknúð ökutæki þegar óhappið varð. Við þessar aðstæður verður að líta svo á að B hafi verið hluti af A, enda var A það vélknúna ökutæki sem dró B. Í þessu sambandi getur ekki skipt máli hvernig eignarhaldi á B var háttað eða hann hafi verið tryggður hjá öðru vátryggingarfélagi. Þá getur heldur ekki skipt máli í þessu sambandi þótt hugsanlega hafi verið mögulegt að koma fyrir sérstökum vélbúnaði á B til að knýja krana þá sem á honum voru. Meginmáli skiptir að í umræddu tilviki var unnið við fermingu A og til þess voru notaðir kranar sem drifnir voru af aflvél A. Tjónið hlaut því af notkun A og af þeim sökum fellur tjónið undir fyrrgreinda sérreglu 1. mgr. 88. gr. ufl. Ekkert í gögnum málsins bendir til að M sé meðvaldur að tjóninu. Á hann því óskertan bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A, hjá X.

Reykjavík, 26. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.